

1. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2021

Fundur haldinn í sal þróunarseturs í Vestrahúsi, miðvikudaginn 3. mars 2021, kl. 17:00

Mætt voru: Guðfinna, Hjalti, Guðni, Þorsteinn, Jónas, Gísli, Hlynur, Jóna Lind, Sólrún.

Fundur haldinn til að undirbúa fund með formönnum deilda til að kynna þeim stöðuna í húsaleigumálum.

Það er vandamál að aðalstjórn Vestra sé ábyrg fyrir húsaleiguskuldum deildanna, þær eiga sjálfar að vera ábyrgar fyrir sínum skuldum. Hingað til hafa lottótekjurnar dugað fyrir húsaleigunni en nú eru farnar að hrúgast upp skuldir af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að bærinn hefur fækkað íbúðum sem teljast styrkur til íþróttafélaganna og félögin leigja fleiri íbúðir í fullu verði auk þess sem leigan hefur hækkað. Vestri fær fimm íbúðir fríar og svo eru fimm aðrar sem greitt er fullt verð fyrir. Þar af leiðandi er meðalverð per íbúða hærra og dreifist jafnt á allar deildir, óháð því hver er með flestar íbúðir til afnota.

Gera þarf deildirnar meðvitaðari um hvað íbúðirnar kosta og innheimta í fastari skorðum. Það verður meiri kostnaðarvitund þegar þetta kemur beint í heimabanka deildanna.

Upplýsingar um húsnæðisskuld fyrir 2020 liggja fyrir, sem er mun fyrr en venjulega og verður að teljast bót til batnaðar. Skv. uppgjöri HSV er húsaleiga Vestra 9,2 m.kr. fyrir árið 2020. Þegar búið er að draga lottótekjur ársins frá stendur eftir um 4,2 m.kr. skuld þrátt fyrir að lottótekjur 2020 hafi verið meiri en árið áður. Þar af skuldar körfuknattleiksdeildin um 2,5 m.kr. og knattspyrnudeildin um 1,7 m.kr.

HSV hefur tekið lottótekjur sunddeildarinnar upp í skuldir v/húsaleigu en þar sem stefnan er að reyna að endurvekja starfsemi sunddeildarinnar þá þarf að gæta að gæta að því að ganga ekki á þá fjármuni sem henni tilheyra. Þar er enn á skrá nokkur fjöldi félagsmanna.

Guðfinna og Guðni hafa lagst yfir stöðuna og leggja til að aðalstjórn geri upp skuld ársins 2019, sem er fyrst og fremst vegna körfuknattleiksdeildarinnar. Deildin verður því í skuld við aðalstjórn sem mun taka þær tekjur sem deildinni áskotnast sem greiðslu upp í skuldina. Húsaleiguskuld 2020 verður greidd með lottótekjum þessa árs, þ.e. 2021. HSV hefur tilkynnt að innan tíðar verðir sendir út reikningar vegna húsaleigu fyrir fyrsta ársfjórðung (jan-mars). Verður það

innheimt beint hjá deildunum. Aðalstjórn þarf að óska eftir raunhæfum aðgerðum deildanna varðandi greiðslu skulda árið 2020 til viðbótar við greiðslu húsaleigu 2021.

Formannafundur var haldinn kl. 17:30 á sama stað. Mætt voru: Heiðrún Tryggvadóttir (fyrir Þórir Guðmundsson), Tinna Hrund Hlynsdóttir, Aníta Ólafsdóttir, Samúel Samúelsson, Sigurður Hreinsson, Heiða Jónsdóttir, Ingólfur Þorleifsson og Svavar Þór Guðmundsson bættist síðar við.

Formönnum deilda var gerð grein fyrir stöðunni og rætt um leiðir til að greiða niður skuldirnar. Almennt virtust menn hafa gert ráð fyrir því að lottótekjurnar dygðu til að greiða fyrir húsaleiguna og því kemur þessi háa skuld flatt upp á alla.

Formaður aðalstjórnar greindi frá því að hún hefði verið búin að skrifa bréf til Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir því að húsaleiguskuld 2020 yrði felld niður en þá kom á daginn að HSV var búin að greiða leiguna fyrir allt árið 2020 og því ekki hægt að leita til bæjarins með það. Hins vegar er spurning um að senda inn nýtt erindi og reyna að fá húsaleigu ársins 2021 lækkaða sem nemur skuld vegna 2020. Það gæti verið framlag Ísafjarðarbæjar til að koma til móts við tekjutap Vestra vegna Covid 19.

Gjaldkeri aðalstjórnar fór yfir útreikning á húsaleigu og lottótekjum og svaraði spurningum fundarmanna þar að lútandi. Sagði hann óheppilegt hversu seint þessar upplýsingar hefðu alla jafnan legið fyrir var það gagnrýnt á fundi sem nýlega var haldinn með aðalstjórn Vestra og stjórn HSV. Það horfir til bóta núna því hér eftir verður húsaleigan rukkuð ársfjórðungslega og fer beint í heimabanka deildanna. Þá verður auðveldara að fylgjast með því og deildirnar verða meðvitaðri um þennan kostnað sem lottótekjur hafa hingað til dekkað.

Spurt var hvenær verkefnastyrkir og lottótekjur skila sér til félaga/deilda og sagði gjaldkeri það vera eftir ársþing HSV en iðkendatölur eru miðaðar við skil í lok mars.

Mikilvægt er að stjórnir deildanna geri strax ráðstafanir vegna húsaleigu 2021 þannig að í árslok verði ekki sambærilegur uppsafnaður vandi eftir árið. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlunum og mikilvægt að bregðast við með raunhæfum aðgerðum.

Ísafjarðarbær hefur ekkert komið til móts við félögin vegna Covid. Á fundi nokkurra fulltrúa Vestra með Ísafjarðarbæ síðastliðið haust virtust menn hafa

skilning á vandanum og eitthvað var rætt um mögulegan styrk en sveitarfélagið mun hafa hætt við þá fyrirætlan þegar ljóst var að ríkið kæmi með Covid styrk. Aðalstjórn Vestra var spurð að því hvort deildir félagsins hefðu nýtt sér þau úrræði sem í boði hafa verið. Stutt er síðan opnað var fyrir umsóknir vegna launagreiðslna seinni hluta ársins en í raun hefur ekki verið neitt í boði til að sækja um. Ekkert að gerast með tekjufallsstyrki fyrir seinni hluta ársins.

Tillaga aðalstjórnar er að gera upp við HSV skuld vegna 2019 og HSV mun svo halda eftir lottótekjum og verkefnastyrkjum 2021 til greiðslu skuldarinnar fyrir árið 2020. Ef eitthvað verður eftirstandandi þurfa deildirnar að gera samkomulag við HSV um hvernig það verður gert upp. Þar sem við bætist húsaleiga fyrir 2021 er brýnt er að deildirnar geri raunhæfar greiðsuáætlanir. Aðalstjórn Vestra mun senda inn erindi til Ísafjarðarbæjar þar sem óskað verður eftir lækkun á húsaleigu 2021.

Nokkrar umræður urðu um ástand sumra þeirra íbúða sem verið er að leigja af Ísafjarðarbæ og hvort jafnvel gæti verið hagstæðara að leigja á almenna leigumarkaðinum enda er stærð þessara íbúða líka oft óhentug og nýttast þær ekki nógu vel.

Uppbyggingarsamningar. Nýlega barst tilkynning frá Ísafjarðarbæ um að engir uppbyggingarsamningar yrðu árið 2021. Spurning hvort sveitarfélagið geti tekið svona ákvörðun einhliða þar sem kveðið er á um uppbyggingarsamninga í samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar sem nýlega var undirritaður. Kanna þarf hvort HSV hafi ekki mótmælt þessum vinnubrögðum. HSV er búið að boða til formannafundar 9. mars og verður spurst fyrir um þetta mál þar enda mikilvægt hagsmunamál fyrir íþróttafélögin.

Heiða greindi frá því að hjóladeildin hefði verið komin með styrk til að kaupa teikningu fyrir hjólagarð en lóðaleigusamningur væri ekki enn tilbúinn. Kvartaði hún yfir að langan tíma tæki að fá svör og að stjórnsýslan væri seinvirk. Sagði hún hjóladeildina ekki enn hafa fengið greiðslu vegna uppbyggingarsamnings fyrir 2020.

Vörur merktar félaginu. Barna og-unglingráð körfu búið að vera duglegt í sölu á alls kyns varningi merktum félaginu. Spurning um að ef farið er í framleiðslu á einhverjum hlutum merktum Vestra hvort ekki sé rétt að deila því með öðrum deildum og bjóða þeim að taka þátt. Tilvalið að nýta samráðsvettvang félagsins

á Facebook. Það hlýtur að vera hagur félagsins að sem flestir séu með allt mögulegt merkt Vestra.

Fyrir tveimur árum var stofnuð nefnd sem átti að halda utan um markaðsmálin, enda erfitt fyrir aðalstjórn að standa í slíku, en sú nefnd tók aldrei til starfa. Umræður um sölusíðu á heimasíðu félagsins en þá þarf einhvern til að halda utan um þá vinnu. Stóru félögin eru með netsíður. Svo þarf að hafa í huga að það getur verið vesen að sitja uppi með lager af einhverju sem ekki selst. Rætt um netgreiðslur.

Önnur mál: Ingólfur sagðist vera á því að sameining þeirra íþróttafélaga sem mynduðu Vestra hefðu litlu skilað til deilda. Samlegðaráhrifin sem sameiningin átti að skila væru lítil sem engin. Mörg dæmi um að deildirnar væru ekki að vinna saman og gott dæmi um það væru búningarnir sem væru varla lengur eins. Urðu um þetta nokkrar umræður en almennt voru menn á því að deildirnar þyrftu sjálfar að hafa frumkvæði að samvinnu sín á milli og leita eftir hagstæðum samningum í krafti fjöldans. Mikilvægt er að félagsmenn í Vestra upplifi sig sem eina heild, eitt félag, sem var ekki hvað síst markmiðið með stofnun Vestra.

Umræður um hvernig vinna þeirra sem koma að starfsemi deildanna er alltaf að aukast meira og meira. Allt unnið í sjálfboðavinnu og menn að gefast upp á þessu. Rætt um hversu mikið mundi létta á mönnum ef félagið gæti ráðið starfsmann sem brýn þörf er á. Það er ekki í sjónmáli eins og staðan er í dag en vonandi að félagið hafi einhvern tímann efni á því.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 19:15.